

## Tillögur BR-nefndar vegna vals á keppendum til keppni á Heimsmeistara eða Evrópumóta.

### Inngangur:

Síðustu misseri hefur árangur íþróttamanna í benchrest greinum aukist til muna. Þar sem benchrest er tiltölulega ný grein inna STÍ hefur tíðkast undanfarin ár að keppendur hafi óskað eftir því að fá að skrá sig á mót erlendis, eins og heimsmeistaramót. STÍ hefur stutt við það. Til að gæta samræmis innan milli greina innan STÍ og tryggja gagnsæi og sanngirnis ásamt að fylgja afreksstefnu STÍ var farið í að setja sömu kröfur og gerðar eru til annarra skotgreina innan STÍ en það er forsenda þess að hægt verði að styðja við greinarnar.

Til að keppa á heimsmeistara eða evrópumótum þurfa íþróttamenn að ná lágmörkum sem hafa verið skilgreind og miða við miðgildi á úrslitum heims og evrópumeistaramóta og á þetta við allar greinar sem þar sem árangur er mælanlegur og samanburðarhæfur.

Samþykkt voru á stjórnarfundi STÍ í desember 2024, að framlögðum tillögum BR-nefndar að eftirfarandi lágmörk eru í randkveiktum greinum benchrest hjá WRABF og WBSF:

|    |       |     |
|----|-------|-----|
| HC | WSBF  | 742 |
| HR | WRABF | 742 |
| LR | WRABF | 736 |
| SP | WRABF | 731 |

Þessi lágmörk eru forsenda þess að STÍ sendi og styðji keppanda á heimsmeistara eða evrópumót, enda miða lágmörk við það að keppandi eigi erinda á stórmót innan viðkomandi greinar.

Öll mót, bæði innanlands sem og erlendis sem STÍ viðurkennir (Erlend mót þurfa að vera opin keppendum allra þjóða innan viðkomandi alþjóðasambands og þátttökupjóðir minnst þrjár) eru gild til viðurkenningu lágmarka.

Stjórn STÍ hefur lagt til að sett verið svokölluð B lágmörk, en þau eru í öðrum greinum STÍ og eru til þess fallinn að náist þau lágmörk geti STÍ ákveðið að senda lið, þótt aðrir liðsmenn hafi ekki náð A-lágmarki. Lagt er til að B-lágmörk verið núverandi lágmörk að frádregnum fjórum stigum.

B-lágmörk sem BR-nefnd leggur til.

|    |       |     |
|----|-------|-----|
| HC | WSBF  | 738 |
| HR | WRABF | 738 |
| LR | WRABF | 732 |
| SP | WRABF | 727 |

## Röðun og val á Heimsmeistara og Evrópumót

Styrkleikalisti sem haldin er úti af STÍ, raðar íþróttamönnum í styrkleikaröð og skal ávallt taka mið af þeim lista við ákvarðanir tengdar vali á mót. Styrkleikalisti raðast þannig að tekið er meðaltal af þremur efstu mótum viðkomandi og raðast listinn þannig, og síðari röðun er eftir hæsta stigi sem viðkomandi hefur fengið. Ef jafnt er á milli tveggja verður sá ofar sem á hærra hámarkstig. Þessi aðferð krefst þess að keppt sé í að minnsta kosti þremur mótum á árinu. Sé um færri mót að ræða skal merkja 0 gildi við Íslandsmót eða landsmót sem viðkomandi keppti ekki á. Þannig raðast þeir sem hafa aðeins keppt á tveimur mótum í styrkleikaröð sín á milli. Ein forsenda þess að hægt er að meta styrkleika keppanda er að hann sé virkur í íþróttinni, hvort sem er hérlandis eða erlendis. Rétt er að setja kröfu um að allir keppi að minnsta kosti á tveimur mótum hérlandis og hægt er að miða við amk. eitt erlent mót á ári við mat. Þetta hefur ekki áhrif á mat á lágmarkum en öll viðurkennd mót telja til þeirra.

Þar sem þessir listar eru viðmið, til vals í keppni á heimsmeistara og evrópumót og fá mót eru til þess að meta árangur síðastliðin misseri, þá taki styrkleikalistinn þau mót sem koma fram í listanum sem er í viðauka þessa skjals. Yfirleitt er miðað við að notast við árangur sem ekki er eldri en eins árs, en þar sem of fá mót voru haldin þetta ár er beinlínis nauðsynlegt að miða við Íslandsmót 2024 einnig. Það verður svo að vera markmið BR-nefndar að hvetja aðildarfélag að fjölga mótum þannig að æskilegur fjöldi móta á hverju tímabili séu fjögur til fimm mót.

## Val á HM 2026 WSBF í Portúgal

Næsta heimsmeistaramót í HC á vegum WSBF verður haldið í Portúgal í september 2026. Keppt er í bæði liða og einstaklingskeppnum og er liðakeppni sjálfstæði.

Sé litið á árangur síðustu tveggja ára er ljóst að aðeins einn íþróttamaður hefur náð lágmarkum og hefur tvisvar náð lágmarki á tímabilinu. Það er ljóst að hann á erindi til að keppa fyrir Ísland á HM 2026. STÍ getur sent lið út en þrír hafa náð B-lágmarki miðað við þessar tillögu. Jón B. Kristjánsson og Kristján Arnarsson eru númer tvö og þrjú á styrkleikalista og hafa sýnt góðan árangur síðastliðin tvö keppnistímabil. BR-nefnd leggur til að STÍ styðji við að þeir fari sem landslið fyrir hönd Íslands á HM í Portúgal 2026.

Lagt er til af hálfu BR-nefndar í ljósi þess að þessu fyrirkomulagi sé komið á núna, og upplýsingar hafi ekki verið fyrir hendi á keppnistímabilinu 2024 að hægt verði að skrá sex í heildina, þrátt fyrir að þeir aðilar hafi ekki sýnt lágmarksárangur en þeim væri boðið að skrá

sig að eigin ósk og færu á eigin vegum. Það yrði farið eftir styrkleikalista og efstu boðið fyrst og svo koll af kolli.

Miðað við styrkleikalista eftir þessum forsendum væru Jón Ingi Kristjánsson, Samúel Ingi Jónsson og Hólmgeir Örn Jónsson fyrstir til að verða boðið sæti. Skemmtilegt er að segja frá því að bæði Samúel Ingi og Hólmgeir Örn eru unglingar. Þeir uppfylla þó ekki unglingaflokk í WBSF og því verða þeir að keppa í fullorðins flokki á HM myndu þeir kjósa að keppa.

Önnur mál

Tillaga kom frá hjá WRABF á síðasta þingi að breyta skotskífum á þann hátt að 25m skífurnar sem notaðar eru í loftgreinum verði notaðar í öllum greinum hjá WRABF.

BR-nefndin leggst alfarið gegn því að breyta þessu, enda er ekki ennþá búið að skora fullkomið skor. Það er því ótímabært að ræða þetta og muni Ísland kjósa á móti þessari tillögu.

Viðauki - Styrkleikalisti STÍ í HC 2024-2025

|    | Íþróttamaður                   | Félag | Íslm. 2024 | Húsav. Op | Landsm. 2024 | Íslm. 2025 | Eurosta | Meðaltal | Hæsta |
|----|--------------------------------|-------|------------|-----------|--------------|------------|---------|----------|-------|
| 1  | Davíð Bragí Gígja              | SR    | 725        | 734       |              | 746        | 744     | 741      | 746   |
| 2  | Jón B. Kristjánsson            | MAV   | 709        | 730       | 733          | 739        |         | 734      | 739   |
| 3  | Kristján Arnarson              | SH    | 724        | 730       |              | 740        |         | 731      | 740   |
| 4  | Jón Ingi Kristjánsson          | SFK   | 719        |           | 730          | 733        |         | 727      | 733   |
| 5  | Samúel Ingi Jónsson            | MAV   | 694        | 716       | 731          | 730        |         | 726      | 731   |
| 6  | Hólmgeir Örn Jónsson           | SFK   | 701        |           | 716          | 731        |         | 716      | 731   |
| 7  | Guðni Sigurbjarnarson          | SFK   | 0          |           | 737          | 728        |         | 488      | 737   |
| 8  | Daniel Wandachowics            | SR    | 709        | 0         |              | 730        |         | 480      | 730   |
| 9  | Aðalheiður Lára Guðmundsdóttir | SSS   | 708        |           | 730          | 0          |         | 479      | 730   |
| 10 | Pétur Már Ólafsson             | SSS   | 710        |           | 723          | 0          |         | 478      | 723   |
| 11 | Erla Sigurgeirsdóttir          | SA    | 694        | 694       |              | 0          |         | 463      | 694   |
| 12 | Finnur Steingrímsson           | SA    | 697        | 687       |              | 0          |         | 461      | 697   |
| 13 | Magnús Sigmundsson             | SFK   | 0          |           | 0            | 738        |         | 246      | 738   |
| 14 | Arnar Oddsson                  | SA    | 0          | 720       |              | 0          |         | 240      | 720   |
| 15 | Rosa Maria Millan              | SH    | 718        |           | 0            | 0          |         | 239      | 718   |
| 16 | Stefán F. B. Nielsen           | SFS   | 696        |           | 0            | 0          |         | 232      | 696   |
| 17 | Einar Ólafur Erlingsson        | SR    | 678        |           | 0            | 0          |         | 226      | 678   |
|    |                                | 17    |            |           |              |            |         |          | 746   |